



LANDSSAMTÖK
LÍFEYRISSJÓÐA

Alþingi
Erindi nr. P 125/1984
komudagur 25. 2000

Efnahags- og viðskiptanefnd

Alþingis

Reykjavík, 27. apríl 2000

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Með bréfi til Landssamtaka lífeyrissjóða, dags. 12. apríl s.l., óskar efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Landssamtaka lífeyrissjóða vegna breytinga á umræddum lögum.

Þær breytingar sem Landssamtök lífeyrissjóða telja mikilvægastar í frumvarpinu fjalla um skattalega meðferð lífeyrisiðgjalda, sbr. 4. gr. frumvarpsins.


Landssamtök lífeyrissjóða telja eðlilegt að öll iðgjöld til lífeyrissjóða eða í viðbótarlífeyrissparnað séu frádráttarbær til skatts, hvort sem um er að ræða framlag launþegans eða vinnuveitandans, enda er um að ræða frestun á skattgreiðslum, þar til að lífeyristöku kemur, en ekki skattfrelsi, eins og lesa má í athugasemdum frumvarpsins.

Óþarfi er að hafa einhverja takmarkanir á þessum framlögum vegna skattfrestunar, eins og lagt er til í frumvarpinu, bæði með 20% hlutfallinu og ekki síður með fjárhæðartakmörkunum, sem miðast við 625 þús. kr. mánaðarlaun að meðaltali. Ljóst er að t.a.m. sjómenn, geta orðið fyrir tvísköttun, þegar kemur að greiðslu lífeyris, ef frumvarpið nær fram að ganga óbreytt. Með því að takmarka lífeyrissparnaðinn með þessum hætti er bæði verið að vekja aftur upp tvísköttunaráhrif, en ekki síður er verið að ýta undir þá öfugþróun að hægt verði að takmarka lífeyrissparnaðinn enn frekar, þegar næst horfir til halla á fjárlögum hins opinbera. Þá verður ekki annað séð en verulegs misræmis gæti í þessum efnum hjá sjóðfélögum opinberra starfsmanna, með hliðsjón af því hvort þeir greiða í A-deild eða B-deild sjóðsins. Þá liggur ennfremur engan veginn fyrir hvort eða hvernig meðhöndla skuli aukaframlög ríkisins í lífeyrissjóði alþingismanna og ráðherra í skattalegu tilliti.

Með hliðsjón af ofanrituðu leggja Landssamtök lífeyrissjóða eindregið til að heimilt verði að draga frá skattskyldum tekjum framlög í lífeyrissjóði og í viðbótarlífeyrissparnað, án nokkurra takmarkana á fjárhæðum eða sem hlutfall af launum, enda er

einungis um að ræða skattfrestun, þar sem lífeyrisgreiðslur koma til skattlagningar við útborgun. Þá er enn fremur varað við öllum tillögum í þá veru að telja lífeyrisframlög vinnuveitenda sem launatekjur hjá launþegum. Slíkt er andstætt þeirri framkvæmd sem tíðkast hefur í áratugi og gefist hefur vel á almennum vinnumarkaði enda í samræmi við ákvæði kjarasaminga. Tæknileg vandamál hjá embætti ríkisskattstjóra varðandi skattalega meðferð lífeyrisiðgjalda mega því ekki verða til þess að skapa misræmi, óvissu, tvísköttunaráhrif og önnur hliðstæð vandamál hjá almennu launafólki.

Virðingarfyllst
LANDSSAMTÖK LÍFEYRISSJÓÐA


Hrafn Magnússon